

Athafnamening og athafnalíf – erindi á fundi Verslunarráðs 19. apríl 2005

Í bókinni Culture Matters er bent á skýr dæmi um það hvernig ólík viðhorf í þjóðfélögum virðast hafa haft mest um það að segja hvort löndin voru sárafátæk eða í hópi ríkustu landa heims. Ritstjóri bókarinnar tekur dæmi af Ghana og Suður Kóreu sem voru með mjög svipaða landsframléiðslu á mann í kringum 1960 og takmörkuð náttúrugæði. Um aldamótin síðustu var Suður Kórea með fimmtánfalda landsframléiðslu á við Ghana. Höfundur skýrir þennan mun meðal annars með því að í Suður Kóreu hafi eljusemi, menntun, fjárfesting og agi verið mikilvægur partur af menningunni. Ghanabúar hafi á hinn bóginn ekki hampað þessum gildum. Í sem stystu máli skiptir menning og viðhorf í þjóðfélögum miklu máli.

Ástæða þess að hallaði undan fæti hjá Svíum í samkeppni við aðrar þjóðir fyrir síðustu aldamót var sú að rausnarlegt velferðarkerfið var farið að móta þjóðarsálina. Svíar hafa tekið til í sínu velferðarkerfi með all nokkrum árangri og þeim vegnar betur. Þó er ljóst að Svíar eiga töluvert í það að breyta vinnuviðhorfum í þjóðfélaginu. Enn virðist sem margir líti á vinnu sem valkost fremur en nauðsyn. Í grein í Financial Times í nóvember sagði að hvern einasta dag séu 370.000 Svíar heima vegna veikinda, tæp tíu prósent af mannafla, og ríkisframlög til sjúkrasjóða eru meiri en öll útgjöld til þróunarmála, háskólamenntunar, rannsókna og varnarmála samanlagt. Asser Lindbeck hagfræðingur við Stokkhólmsháskóla segir um þetta: „Ef nágranni þinn er í veikindaleyfi að sinna garðvinnu heima hjá sér, þá viltu gera slíkt hið sama. Ef nágranni þinn fer á eftirlaun sextugur þá viltu líka gera slíkt hið sama og þannig breytist hegðunarmynstur fólks.“

Þetta á allt eins við um athafnalífið og athafnameningu. Umhverfið og viðhorf skipta miklu um hvernig til tekst í viðskiptalífinu.

Menning og viðhorf í þjóðfélögum skipta sköpum um velferð landa. Því fer þó fjarri að þessi viðhorf geti ekki breyst sem annað hvort leiði til hnignunar eða blómaskeiðs. Í þessum efnum stöndum við Íslendingar á krossgötum. Við erum bæði að sækja af krafti fram en um leið má benda á alvarleg dæmi um þröngsýni og andvaraleysi sem draga okkur niður. Í því sambandi má nefna andvaraleysi í ríkisútgjöldum, hömlur á erlenda fjárfestingu hérlandis og þau sjónarmið að líta á Ísland sem einangraðan markað. Þá hafa ráðamenn haft áhyggjur af aukinni reglubyrði og skrifræði. Davíð Oddsson spurði

sig að því í viðtali við Morgunblaðið árið 2004 hvort Ísland væri að verða reglustikaðra samfélag? Íslendingum hefur vegnað vel þar sem við höfum verið fremur lítið reglustikað þjóðfélag og hér hefur ríkt traust milli einstaklinga. Menningin hér hefur því verið hliðholl frjálsræði og athafnamennsku og við höfum óbeit á skrifræði. Það er þó auðvelt að sofna á verðinum og nota sem átyllu fyrir andvaraleysi að við ráðum ekki lengur ferðinni sjálf; nú sé Evrópusambandið að móta okkar athafnamenningu til lengri tíma með tilskipunum og reglum. Svo er þó alls ekki. Margar Evrópuþjóðir eru að móta framsækna stefnu um hvernig laða megi til landanna erlent fjármagn og fyrirtæki meðal annars með því að draga úr skrifræði, bæta skattaumhverfið og efla menntun.

Íslendingum gefst færi á að efla enn frekar athafnamenningu héraendis en forsenda hennar er að við einangrum okkur ekki; spilum fremur á miðjunni en úti á jaðrinum.

Sennilega er hægt að segja að athafnamenning hafi verið í einhverri mynd til á Íslandi frá upphafi. Víkingarnir eða Íslensku landnemarnir flúðu Noreg þegar þeir þoldu ekki lengur ok og skattþíningu þarlendra stjórnarherra og fóru í útrás til að finna sér nýjan samanstað með fullu sjálfstæði og frjálsræði.

Áfram héldu menn og byggðu upp samfélag og héldu lengi vel uppi samgöngum við umheiminn, fóru utan og unnu sér inn frægð og frama, en komu síðan aftur heim til Íslands – þeir sem á annað borð áttu afturkvæmt.

Seinna fer að halla undan fæti og yfir landið dynja náttúruhamfarir, hörmungar og farsóttir. Sjaldan barst okkur nokkur hjálp annars staðar frá þegar á þurfti að halda þannig að menn lærðu fljótt að sjálfsbjargarviðleitni var sterkasta vopnið í lífsbaráttunni. Þannig tóks þeim sterku að sækja sér lífsbjörg í sjóinn og seinna að selja erlendum farmönnum og kaupmönnum afurðir sínar í skiptum fyrir aðrar nauðsynjar. Það má ef til vill tala um það að einhverskonar náttúruval hafi orðið hér í einangrun okkar. Þeir sem náðu að lifa af þessa tíma hafa haft meiri sjálfsbjargarviðleitni, áræðni og kjark í ríkara mæli en þeir sem dóu úr hungri og vösbúð. Og þannig hafa færst fram allt til okkar dags slík skapgerðareinkenni sem halda lífinu í mönnum.

Í okkar einangraða tungumáli þekkjum við öll orðatiltæki sem lýsa þessu vel.

- Það er annað hvort að duga eða drepast.
- Að bíta á jaxlinn og bölvva í hljóði.
- Vinnan göfgar manninn

Svona mætti lengi telja.

Við erum alin upp með það að leiðarljósi að vinna er dyggð. Leti er óafsakanleg og helst þurfum við að vinna okkur til óbóta til a geta réttlætt það að fara í smá frí á sólarströnd. Við höfum líka drjúgan skammt af vertíðaranda í okkur. Við erum tilbúin að leggja á okkur mikla vinnu þegar þörf er á, eins og gert var áður í heyskap, sláturtíð og á vertíð.

Við höfum hins vegar séð gríðarlega miklar breytingar á Íslensku athafnalífi frá því að Davíð Oddson tók við stjórnartaumum hér á landi. Frá því að búa við forpokað fyrirgreiðslukerfi og haftastefnu í það að búa við frjálsræði í viðskiptum og hvatningu til einstaklingsframtaks á öllum sviðum. Það er hann og hans stefna í ríkisrekstri sem

hefur fyrst og fremst greitt götur okkar sem nú stöndum í eldlínunni og skapað okkur það umhverfi að atvinnulífið ber sig vel og vinnur úr þeim tækifærum sem því gefst.

Einkavæðing bankanna á þar ekki minnstan hlut, enda íslenskir bankar staðið að baki flestum þeim útrásarverkefnum sem orðið hafa á undanförunum árum. Hugsíð ykkur fyrir 15 árum síðan þegar við biðum í röðum eftir banakastjóraviðtali í ríkisbönkunum. Í stað þess að biðja um 3ja miljón króna fyrirgreiðslu fyrir nýrri tískuverslun með Karen Millen vörur á Íslandi, hefðum við beðið um 30 miljarða lán til að kaupa Karen Millen corp, universal, group eða hvað það nú heitir. Við hefðum verið rekin öfug út og gott ef menn hefðu ekki sett okkur á svartan lista í bankakerfinu og pantað pláss á geðdeild um leið.

Ég er ekki með þessu að kasta rýrð á þá sem stýrðu bönkunum þá, heldur að segja að áræði, dugnaður og sjálfsbjargarviðleitni þeirra sem nú stýra þessum bönkum er meira en áður, enda krafa um vöxt, frammistöðu og arðsemi farin að angra bankastjóra nútímans, en ekki krafa um fyrirgreiðslu fyrir landvinnslu, sjávarútveg og landsbyggðarmál eins og áður var.

Við verðum að hafa það hugfast að þeir landvinningar sem íslensk fyrirtæki hafa náð að undanförunu er fyrst og fremst vegna þess að þeim var skapað hér umhverfi til þess að þrífast og kafa, fyrst á Íslandi og síðan erlendis eftir að aðgengi að fjármagni jókst með tilkomu Íslenska hlutabréfamarkaðar og einkavæðingu bankana.

Við verðum því að passa það og muna að halda áfram á þeirri braut sem nú hefur verið lögð að hluta og hvetja til dáða einstaklingsframtak, frjálsræði í viðskiptum, lágmarka skriffinnsku, einfalda skattkerfið og fella niður höft á atvinnulífið. Þannig náum við að malbika brautina fyrir þá sem á eftir koma, laða að erlenda fjárfesta og auka velferð okkar Íslendinga til frambúðar.

Ég tel að þegar fyrirgreiðslukerfi og haftastefnan var afnumin á sínum tíma hafi á ný leist úr læðingi sá kraftur sem býr í Íslensku athafnafóli og hefur alltaf gert, sé því búið rétt umhverfi lætur árangurinn ekki á sér standa.

Ef horft er til framtíðar gæti heimsmyndin litið þannig út:

Ísland endurskilgreinir heimamarkaðinn. Hann er N-Evrópa.

Frá Íslandi koma fremstu fatahönnuðir heims – ekkert Parísardót

Frá Íslandi koma bestu og hreinustu matvæli heims – engar danskar skínkur.

Frá Íslandi koma efnilegustu námsmenn í heimi.

Frá Íslandi koma færustu viðskipta og rekstrarmenn heims.

Og hver vill þá ekki koma til Íslands – allir og viðskipti og fjármagn með. Við munum til frambúðar hafa möguleika á að skipa okkur á meðal þeirra bestu og höfum þá þegar komist langleiðina. Þetta kanna að hljóma eins og hroki, en ef þið trúið þessu ekki, þá trúið þessu enginn.